



Fundargerð

498. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 30. nóvember 2023, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jónsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 09.00.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2311041 - Fræðslunefnd

Lögð fram fundargerð 183. fundar fræðslunefndar, frá 23. nóvember 2023. Sveitarstjórn tekur sérstaklega til umföllum og afgreiðslu lið númer tvö (2), Lokun leikskóla á milli jóla og nýárs. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun fræðslunefndar um lokun leikskóla á milli jóla og nýárs.

Fundargerðir til kynningar

2. 2311013 - Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV)

Lögð fram fundargerð 75. fundar frá 18. september 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 2311012 - Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV)

Lögð fram fundargerð 76. fundar frá 23. október 2023, ásamt fjárhagsáætlun ársins 2024 og skiptingu framlaga á milli sveitarfélaga.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 2311015 - Svæðisskipulag Suðurlandis 2022 - 2042

Lögð fram fundargerð 26. fundar vegna svæðisskipulags Suðurlandis 2022-2042, frá 23. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2311016 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram fundargerð 601. fundar stjórnar SASS, frá 6. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS GS
Sni AG
GPS



6. **2311017 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)**
Lögð fram fundargerð 602. fundar stjórnar SASS, frá 25. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
7. **2311029 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)**
Lögð fram fundargerð 603. fundar stjórnar SASS, frá 10. nóvember 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
8. **2311020 - Skógasafn**
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar, frá 31. október 2023, ásamt fjárhagsáætlun ársins 2024.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
9. **2311021 - Hula bs.**
Lögð fram fundargerð auka aðalfundar Hulu bs., frá 18. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
10. **2311031 - Vatnajökulspjóðgarður**
Lögð fram fundargerð 112. fundar svæðisráðs vestursvæðis, frá 15. nóvember 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
11. **2311039 - Samtök orkusveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar, frá 22. nóvember 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál til kynningar

12. **2311022 - Árshlutayfirlit**
Lagt fram árshlutayfirlit frá 1. janúar 2023 til 31. ágúst 2023.
Sveitarstjóri greindi frá árshlutauppgjöri Skaftárhrepps, fyrstu átta mánuði ársins. Skv. árshlutayfirlitinu var um tíu (10) milljóna hagnaður af A og B hluta, sveitarfélagsins á tímabilinu.
13. **2311036 - Útkomuspá 2023**
Kynnt útkomuspá ársins 2023.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Reiknað er með um fjórtíu og níu (49) milljóna hagnaði af A og B hluta á árinu 2023 ef áætlun gengur eftir.

BHS AS
shi AG GPB
1517



14. 2311009 - Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands

Lagt fram bréf, dagsett 13. október 2023, þar sem fram kemur að ágóðahlutagreiðsla 2023 til Skaftárhrepps verði 256.500 kr..

Bréfið lagt fram til kynningar.

15. 2311010 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett, 13. október 2023, þar sem gerðar eru athugasemdir við niðurstöður ársreiknings ársins 2022.

Bréfið lagt fram til kynningar. Ástæður bréfsins má rekja til þess ástands sem myndaðist vegna Covid 19. Sveitarstjóri benti á niðurstöður árshlutayfirlits og útkomuspá ársins 2023 sem voru dagskrárliðir hér fyrr á fundinum. Talsverð lagfæring hefur verið gerð á rekstri sveitarfélagsins og með betri rekstrarniðurstöðu verður öllum þeim athugasemdum sem fram koma í bréfinu svarað.

16. 2311026 - Jafnréttisstofa

Lagt fram bréf, dagsett, 10. nóvember 2023. Ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla

Bréfið lagt fram til kynningar.

17. 2311032 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lagðar fram ályktanir ársþings SASS, sem haldið var dagana 26. og 27. október 2023.

Ályktanir ársþings SASS lagðar fram til kynningar.

18. 2311033 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram Samgönguáætlun SASS 2023 til 2033.

Samgönguáætlun SASS lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn óskar eftir að fundur verði haldinn með innviðaráðherra og forstjóra Vegagerðarinnar.

19. 2311040 - Samtök orkusveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett, 24. nóvember 2023 og minnisblað vegna skattlagningar á vindorkuverum.

Bréfið lagt fram til kynningar.



Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

20. 2311030 - Staðfesting á ráðningu fjármála- og skrifstofustjóra Skaftárhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða þann einstakling í starfið eins og fram kom á fundinum og verður ráðningin kynnt síðar. Sveitarstjóra er falið að ganga frá málinu. Fundinum lokað undir þessum lið vegna trúnaðar við umsækjanda.

21. 2311023 - Hjartastuðtæki

Greint frá kaupum á fimm (5) hjartastuðtækjum fyrir Skaftárhrepp.

Sveitarstjórn staðfestir hér með samhljóða fyrri ákvörðun sína um kaup á hjartastuðtækjum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti með rafrænum hætti á milli funda sinna að kaupa fimm (5) hjartastuðtæki. Fjögur af þessum tækjum verða gefin eftirfarandi aðilum: Björgunarsveitinni Kyndli, Björgunarsveitinni Stjörnunni, Björgunarsveitinni Lífgjöf og Hjúkrunar og dvalarheimilinu Klausturhólum. Fimmta tækið yrði síðan staðsett á skrifstofu sveitarfélagsins.

22. 2311027 - Öldungaráð Skaftárhrepps

Lagðar fram samþykktir fyrir Öldungaráð Skaftárhrepps.

Oddviti lagði fram samþykktir fyrir öldungaráð Skaftárhrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samþykktir.

23. 2311028 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

Lagðar fram tilnefningar í Ungmennaráð Skaftárhrepps.

Oddviti lagði fram tilnefningar í ungmennaráð Skaftárhrepps. Eftirfarandi aðilar voru tilnefndir:

Skólafélagið Askur:

Aðalfulltrúi: Bríet Sunna Bjarkadóttir, varafulltrúi: Ásgeir Marínó Harðarson.

Félagsmiðstöðin Klaustrið:

Aðalfulltrúi: Júlía Linda Jónsdóttir, varafulltrúi: Garðar Örn Unason

Ungmennafélagið Ármann:

Aðalfulltrúi: Margrét Ragnarsdóttir Blandon, varafulltrúi: Daníel Smári Björnsson

Ungmennafélagið Skafti:

Aðalfulltrúi: Bjarki Snær Sigurðsson

Hestamannafélagið Kópur:

Aðalfulltrúi: Ásgeir Örn Sverrisson, varafulltrúi: Svava Margrét Sigmarsdóttir

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framkomnar tilnefningar og felur Sigurði Eyjólfí Sigurjónssyni, íþróttá- og æskulýðsfulltrúa að boða ráðið til fyrsta fundar.

BAS
sh. g.
Al. ges



24. **2311042 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.**

Lagðar fram samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

Oddviti lagði fram nýjar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi. Framlagðar samþykktir byggja á nýjum lögum um sama málaflokk. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar samþykktir.

25. **2311043 - Gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi.

Oddviti lagði fram nýja gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá með fjórum atkvæðum (JG, AG, BHS og GPS) einn greiddi atkvæði á móti (SHJ)

Sveinn Hreiðar Jensson, lagði fram eftirfarandi bókun:

D-listinn og óháðir harma gríðarlega hækkun á sorphirðu og eyðingargjaldi sem nú leggst á heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu. D-listinn og óháðir telja að það hafi verið mistök að hverfa alfarið frá tilraunaverkefni fráfarandi sveitarstjórnar. Þar var reynt að koma til móts við óskir íbúa um lægri gjöld í þessum málaflokki með margvísilegum hagræðingum.

D-listinn og óháðir greiða því atkvæði á móti framlagðri tillögu.

Hlé var gert á fundinum klukkan 11.38

Fundi framhaldið klukkan 11.42

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar, bendir á að allar breytingar á fyrirkomulagi sorphirðu og förgunar byggja á þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru um þennan málaflokk.

26. **2311044 - Snjómokstur í Skaftárhreppi**

Greint frá verktökum í snjómokstri innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar Skaftárhrepps á ráðningu eftirfarandi aðila til að sjá um snjómokstur innan Skaftárhrepps árin 2023 til 2026 í samstarfi við Vegagerðina. Tilboðstölur eru ekki birtar að ósk Vegagerðarinnar:

Meðalland: Hörður Daði Björgvinsson,

Álftaver: Félagsbúið Holti 2,

Skaftártunga: Pétur Davíð Sigurðsson,

Síða austan Kirkjubæjarklausturs: Rúnar Þorri Guðnason,

Fljótshverfi: Hannes Jónsson,

Þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri: Sigurður Vigfús Gústafsson.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, ráðningu ofangreindra aðila til að sjá um snjómokstur.

Gunnar Pétur Sigmarsson og Auður Guðbjörnsdóttir viku af fundi undir þessum lið.

BHS
Shi
JG



27. 2311045 - Reglur um refa- og minkaveiði í Skaftárhreppi

Lagðar fram reglur um refa-minkaveiði í Skaftárhreppi.

Oddviti lagði fram reglur um refa- og minkaveiði í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar reglur.

28. 2311046 - Ákvörðun um fasteignaskatt upptekið

Lagt fram að nýju, ákvörðun á fasteignaskatti.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Vegna batnandi stöðu sveitarfélagsins og breytinga á sorphirðu er lagt til að fasteignaskattsprósenta í A flokki lækki í 0,55% úr 0,625%. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þessar breytingar.

Hlé var gert á fundinum vegna hádegismatar klukkan 12.40.

Fundi framhaldið klukkan 13.00.

29. 2311037 - Samningur um styrk til orkuskipta

Lagður fram samningur á milli Orkusjóðs og Skaftárhrepps vegna jarðhitaleitar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Eins og fram kom í skýrslu sveitarstjóra á 495. fundi sveitarstjórnar var sótt um 25 milljónir í Orkusjóð til jarðhitarannsóknna í Skaftárhreppi. Orkusjóður úthlutaði sveitarfélaginu 25 milljónum og liggur fyrir fundinum undirritaður samningur þess efnis. Sveitarstjórn fagnar þessari styrkveitingu og staðfestir samhljóða, fyrirliggjandi samning. Sveitarstjóra falið að semja við ÍSOR um jarðhitaleit skv. samningi.

30. 2311047 - Ungmennafélagið Ármann

Lagt fram bréf, dagsett, 24. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir vallarhúsi á Kleifum.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna möguleika á að kaupa færanlegt hús, til að nota sem vallarhús á Kleifum.

31. 2311011 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram bréf, dagsett 25. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar Fish Partner ehf. til reksturs gististaðar í flokki II-Minna gistiheimili. Staðsetning er Þverá, 881 Kirkjubæjarklaustur.

Sveitarstjórn samþykkir, samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

BAS
Shi. JG.
AG GFS



32. 2311018 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lögð fram umsagnarbeiðni fyrir tækifærisleyfi vegna jólahlaðborðs. Afgreitt á milli funda.

Lagt fram bréf, frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 31. október 2023, vegna umsagnarbeiðni fyrir tækifærisleyfi. Með bréfinu er þess óskað að sveitarstjórn gefi umsögn sína til handa Hótel Laka ehf. til að halda jólahlaðborð. Sveitarstjórn samþykkti, samhljóða með rafrænum hætti á milli funda sinna, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

33. 2311014 - Sigurhæðir

Lagt fram bréf, dagsett, 27. október 2023, þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk vegna ársins 2024.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, umbeðinn styrk.

34. 2311024 - Markaðsstofa Suðurlands

Lagt fram bréf, dagsett, 7. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlengingu á samstarfssamningnum.

35. 2311025 - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Lagt fram bréf, dagsett, 8. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir tilnefningum í svæðisráð vestursvæðis í Vatnajökulshjódgarði, einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Elínu Heiðu Valsdóttur, sem aðalfulltrúa og Jóhannes Gissurarson, sem varafulltrúa í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulshjódgarðs.

36. 2311048 - Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Lagt fram beiðni HMS, þar sem til stendur að þeir kaupi fasteignirnar að Skriðuvöllum 17 og 19.

Lagt er fram erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Með erindi þessu frá HMS er óskað eftir staðfestingu sveitarstjórnar Skaftárhrepps á stofnframlagi sveitarfélags vegna íbúða við Skriðuvelli 17 og 19. Í því samhengi er bent á að það er forsenda fyrir veitingu stofnframlags ríkisins að sveitarfélag þar sem almenn íbúð verður staðsett veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag sveitarfélags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga nr. 52/2016.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, stofnframlag sveitarfélagsins sem er skv. 20. gr. reglugerðar númer 183/2020. Stofnframlagið getur falist í beinu framlagi, úthlutun lóðar eða lækkun eða niðurfellingu á gjöldum sem umsækjanda ber að standa skil á til sveitarfélagsins vegna byggingar almennra íbúða.

Fundinum lokað undir þessum lið.

BHS JG
Sni GBS
Ak



37. 2311035 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2023

Lagðir fram viðaukar við fjárhagsáætlun 2023.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2023.

38. 2311034 - Fjárhagsáætlun ársins 2024 fyrri umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun ársins 2024 til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Farið var yfir rekstur málaflokka, eignarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun ársins 2024 til síðari umræðu.

39. 2311038 - Fjárhagsáætlun áráanna 2025, 2026 og 2027 fyrri umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun áráanna 2025, 2026 og 2027.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árin 2025, 2026 og 2027. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun áráanna 2025, 2026 og 2027 til síðari umræðu.

40. 2311050 - Staða landbúnaðarins

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Skaftárhreppur er gjöfult landbúnaðarsveitarfélag. Í Skaftárhreppi hefur landbúnaður byggst upp í góðri sátt við landgæði og fólk sem hefur skilað sér í því að sveitarfélagið er vel til fallið til matvælaframleiðslu af ýmsu tagi. Þéttbýli og dreifbýli reiðir sig á hvert annað, ungir bændur sáu sér hag í að setjast hér að, sem er ótvírætt gæðamerki á því landsvæði sem við búum á.

Miklar kostnaðarhækkningar og hátt vaxtastig undanfarin misseri hafa hins vegar haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi flestra búgreina og nú er svo komið að fjölmargir bændur íhuga að bregða búi vegna stöðunnar og endurnýjun engin. Ekki hvað síst kemur þetta ástand niður á bændum sem hafa nýlega hafið rekstur og eru þar með, eðli málsins samkvæmt, skuldsettari en aðrir.

Stjórnvöld hafa undanfarin misseri farið fögrum orðum um hina nýju matvæla- og landbúnaðarstefnu ásamt því að hugtakinu fæðuöryggi er flaggað á tyllidögum en fæðuöryggi þjóðarinnar fellur undir öryggismál landsins.

Nú verða orðum að fylgja efndir. Stefna í fæðu- og matvælaöryggisstefnum þarf að vera þannig útfærð að bændum sé raunverulega kleift að stunda matvælaframleiðslu á Íslandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar hér með á stjórnvöld að fylgja eftir eigin landbúnaðarstefnu og sjá til þess að ungir bændur, sem og aðrir bændur, geti skammlaust lifað af sínum búskap eins og almennt er álitnið sjálfsagt hjá nágrannaþjóðum okkar.

BFS J.G.
SH Ak GRS



Skýrsla sveitarstjóra

41. 2311049 - Fundur 498

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum, eins fram kom á fundinum.


Fleira, ekki gert,
fundi slitið kl. 14.47.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson